



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Greinargerð
01013

Magnús Már Magnússon

Snjóflóðavaktin

Uppgjör vetrarins 2000 - 2001

VÍ-ÚR07
Reykjavík
Júní 2001

Magnús Már Magnússon

Snjóflóðavaktin
Uppgjör vetrarins 2000 - 2001

1 INNGANGUR

Snjóflóðavaktin hófst 15. október 2000 og stóð fram til 15. apríl, 2001. Ekki var talin ástæða til að framlengja vaktina, snjóalög voru orðin stöðug og veðurútlit þokkalegt.

Veturinn 2000-2001 var fimmti veturinn, sem viðbúnaðarkerfi vegna rýminga hefur verið rekið á Veðurstofunni. Fimm starfsmenn gengu snjóflóðavaktir síðastliðinn vetur. Tveir nýir starfsmenn komu inn í vaktirnar, þau Esther Hlíðar Jenssen og Kristján Ágústsson. Til stóð, að þau skiptu með sér vakt og væru á „æfingarvöktum“ undir handleiðslu Magnúsar Mús. Þetta breyttist þegar ljóst varð að Svanbjörg H. Haraldsdóttir (SHH), sem hefur verið á vöktunum frá upphafi, gæti ekki tekið þátt í vöktunum þennan vetur. Þá var ákveðið, í ljósi þess hversu veturinn var mildur, að Kristján tæki vaktir hennar. Magnús Már vann þó áfram með Esther og Kristjáni á vöktunum.

Ásdís Auðunsdóttir, sem hefur verið á vöktunum tvö síðustu árin, er að hætta störfum á Veðurstofunni, þannig að þetta var síðasti vetur hennar.

19 snjóathuganamenn eru starfandi í 13 byggðalögum, 6 „aðalmenn“ og 13 „aðstoðarmenn“. Ekki urðu breytingar á starfsháttum þeirra.

Veturinn 2000-2001 var mjög rólegur og var aldrei gripið til rýminga. Flest snjóflóð féllu í þrem snjóflóðhrinum, sú fyrsta stóð frá 2. til 10. janúar, önnur frá 3. til 10. marz og sú síðasta frá 26. marz til 7. apríl. Snjóflóð féllu úr Skollahvilt og Innra-Bæjargili ofan Flateyrar og lentu á varnargörðunum og sveigðu niður með þeim. Einnig kom flóð úr Jörundarskál á Siglufirði sem féll að „Litla Bola“, varnargarðinum undir skálinni. Svonefnt B ástand, sem þýðir að hestamenn geta ekki farið í gerninga nema að láta vita af sér, var sett á hestúsin undir Ósbrekkufjalli við Ólafsfjörð 28. marz.

Í þessari greinargerð er tekin upp sú nýjung að snjóeftirlitsmenn skrifa stutt yfirlit um veturinn eins og hann kom þeim fyrir sjónir. Þessar samantektir eru í viðauka C.

2 RÝMINGAR

Hvergi var gripið til formlegra rýminga um veturinn. Tvisvar sinnum voru þó íbúar farfluglaheimilins á Seyðisfirði beðnir um að yfirgefa heimilið yfir nótt til öryggis.

3 VAKTAFÓLK

Eftirfarandi starfsmenn gengu snjóflóðavaktir veturinn 2000 til 2001.

- Magnús Már Magnússon (MMM)
- Ásdís Auðunsdóttir (ÁA)
- Tómas Jóhannesson (TÓJ)
- Kristján Ágústsson (KÁ)
- Esther Hlíðar Jenssen (EHJ)

Í viðauka A er tafla, sem sýnir vaktaskipulag vetrarins.

4 VIÐBÚNAÐUR Á VEÐURSTOFUNNI

Sem fyrr er rýmingarviðbúnaði skipt í þrjú stig, svokallað grátt, grænt eða gult ástand, eftir því hversu mikið eftirlit þarf að hafa með snjóflóðahættu á hverjum tíma. Í gráu ástandi er ekki talin hætta á snjóflóðum, en fylgst er með veðurspám á hverjum degi og metið hvort slík hætta kunni að skapast á næstu dögum. Ef hætta er talin geta skapast á næstunni er lýst yfir viðbúnaðarástandi, sem auðkennt er með grænum lit. Þegar ákveðið hefur verið að rýma hús, er ástandið auðkennt með gulum lit. Veturinn 2000-2001 var aldrei farið yfir á grænt né gult ástand.

5 BAKVAKTIR

Fjöldi skráðra tíma á bakvöktum var sem hér segir:

Vaktahlutfall	Fjöldi tíma fyrir áramót		Fjöldi tíma eftir áramót		Samtals	
	skv. bókhaldi	grunnvakt	skv. bókhaldi	grunnvakt	skv. bókhaldi	grunnvakt
33%	411.8	337.25	515.8	458.25	927.6	795.5
45%	819.5	615	1134.1	842	1953.6	1457
90%	48	48	72	72	120	120
Samtals	1279.3	1000.25	1721.9	1372.25	3001.2	2372.5

Þetta eru heildartölur, teknar úr bókhaldi VÍ. Þær innihalda „almennar“ vaktir, sem eru allt vaktatímabilið. Dálkurinn sem merktur er „grunnvakt“ segir til um fjölda þeirra tíma sem grunnvöktunin fól í sér. Ástæða þess að reikningsfærðir tímar eru mun fleiri en grunnvaktin segir til um, þrátt fyrir að aldrei kom til rýminga í vetur, er veikindi SHH og greiðslur vegna þeirra.

Í viðauka B er lýst hvernig bakvöktum var háttað.

6 TILLÖGUR UM ENDURBÆTUR OG ATRÍÐI TIL UMHUGSUNAR

Á árinu 2000 var gengið frá tillögum um breytingar á rýmingarreitum á Flateyri, í Hnífsdal og einnig í Súðavík. Ekki er enn búið að ganga formlega frá þeim breytingum. Verður því lokið fyrir næsta vetur.

Enn er málum þannig háttað, að snjóflóðavaktafólk hringir beint í sjálfvirkar veðurstöðvar. Vísa er til uppgjors vetrarins 1998-1999 um þetta málefni.

Sjálfvirka veðurstöðin í Fífladölum, ofan Siglufjarðarbæjar var í sambandi fram eftir vetri en datt út í febrúar. Nauðsynlegt er að endurskoða rafmagnsmál stöðvarinnar svo hún geti haldist virk allan veturinn.

Nokkuð var um að leitað væri ráða hjá snjóflóðavaktinni varðandi lokun vega vegna snjóflóðahættu. Var ráðgjöf veitt eftir fremsta megni en nauðsynlegt er að setja formlegar viðmiðunarreglur varðandi aðkomu Veðurstofunnar og leggja áherzlu á að þetta er gert sem ráðgjöf. Ákvarðanir eru eftir sem áður teknar af sýslumönnum og Vegagerðinni.

Einnig voru sendar út fréttatilkynningar um almenna snjóflóðahættu og þeim tilmælum beint til almennings að fara varlega. Það þarf einnig að setja leiðbeinandi reglur um hvernig er staðið að slíkum tilkynningum og hvenær á að gefa þær út.

7 VAKTAPLÁSS OG ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Aðstaða snjóflóðavaktarinnar uppi á þriðju hæð breyttist lítið síðasta vetur. Nýjir símar komu með nýrri símstöð Veðurstofunnar. Sett var upp miðlæg símaskrá sem hefur að geyma öll helztu símanúmer fyrir snjóflóðastaðina. Nægir að slá inn upphafsstaði byggðalagsins og er þá hægt að fletta fram og aftur þar til viðeigandi símanúmer fannst. Einnig var símaskráin sett upp á vefinn og er þar öllum aðgengileg. Ekkert reyndi á aðstöðuna fyrir utan hið daglega eftirlit.

Veðurdeigla á PC vélinni hefur reynst mjög vel og er til mikils hagræðis því ekki þarf lengur að sæta lagi til að trufla ekki veðurfræðingana.

Vaktakerfið var óbreytt frá því veturinn áður. Skráði fólk sig í vaktabók þegar það var á vakt. Hjálpaði það til við vaktauppgjör hvers mánaðar. Sjá nánar um bakvaktir í viðauka B.

Vel gekk að skrá snjóflóð á „yfirlit vetrarins“. Er þægilegt að hafa það til hliðsjónar þegar annállinn er unninn. Í nokkrum tilfellum var upplýsingar um snjóflóð einungis að finna í þessu yfirliti. Sjá viðauka D.

Nú er orðið algengt að snjóathuganarmenn mæli útlínur flóða með GPS-tækjum og sendi mæliskrárnar beint til Veðurstofunnar með tölvupósti. Þetta er mikil framför við mælingar á snjóflóðum vegna þess að nákvæmni GPS-mælinganna er mun meiri en áður var möguleg við mælingar á útlínunum flóða. Með nýjum tækjum sem tekin voru í notkun vorið 2001 ættu þessar mælingar að verða auðveldari og einfaldari en áður. Þrjú GPS tæki er nú í eigu Veðurstofunnar og eru þau staðsett á Ísafirði, Siglufirði og í Neskaupstað. Athuganarmenn í nágrenni þessara staða eiga að fá tækin send til sín til að mæla flóð, sem falla á þeirra svæði. Til dæmis þarf þarf að fá tæki frá Neskaupstað þegar mæla þarf flóð á Seyðisfirði.

Símboðakerfið var lagt niður 31. janúar árið 2001. Vegna þessa fengu allir sem ganga snjóflóðavaktina GSM síma sem nota á við samskipti vegna vaktarinnar. Sent var bréf til allra sveitarstjórna og lagt til að þær kaupi slíka síma handa snjóathuganamönnum. Var það gert í flestum tilfellum.

Viðauki A

Vaktaskipulag, frá 15. október til 15. apríl, var sem hér segir¹.

Frá - Til	S1	S2	S3	S4	S5
15.10.'00 - 23.10.'00	MMM	ÁA	TóJ	EHJ/KÁ	KÁ/EHJ
23.10.'00 - 30.10.'00	ÁA	TóJ	EHJ/KÁ	KÁ/EHJ	MMM
30.10.'00 - 6.11.'00	TóJ	EHJ/KÁ	KÁ/EHJ	MMM	ÁA
6.11.'00 - 13.11.'00	MMM	KÁ	EHJ	ÁA	TóJ
13.11.'00 - 20.11.'00	KÁ/EHJ	MMM	ÁA	TóJ	EHJ/KÁ
20.11.'00 - 27.11.'00	MMM	ÁA	TóJ	EHJ/KÁ	KÁ/EHJ
27.11.'00 - 4.12.'00	ÁA	TóJ	EHJ/KÁ	KÁ/EHJ	MMM
4.12.'00 - 11.12.'00	TóJ	EHJ/KÁ	KÁ/EHJ	MMM	ÁA
11.12.'00 - 18.12.'00	MMM/TóJ/ÁA	KÁ/EHJ	MMM	ÁA	TóJ
18.12.'00 - 25.12.'00	KÁ	MMM	ÁA	TóJ	EHJ
25.12.'00 - 1.01.'00	MMM	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ
1.01.'01 - 8.01.'01	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ	MMM
8.01.'01 - 15.01.'01	TóJ	EHJ	KÁ	MMM	ÁA
15.01.'01 - 22.01.'01	EHJ	KÁ	MMM	ÁA	TóJ
22.01.'01 - 29.01.'01	KÁ	MMM	ÁA	TóJ	EHJ
29.01.'01 - 5.02.'01	MMM	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ
5.02.'01 - 12.02.'01	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ	MMM
12.02.'01 - 19.02.'01	TóJ	EHJ	KÁ	MMM	ÁA
19.02.'01 - 26.02.'01	EHJ	KÁ	MMM	ÁA	TóJ
26.02.'01 - 5.03.'01	KÁ	MMM	ÁA	TóJ	EHJ
5.03.'01 - 12.03.'01	MMM	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ
12.03.'01 - 19.03.'01	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ	MMM
19.03.'01 - 26.03.'01	TóJ	EHJ	KÁ	MMM	ÁA
26.03.'01 - 2.04.'01	EHJ	KÁ	MMM	ÁA	TóJ
2.04.'01 - 9.04.'01	KÁ	MMM	ÁA	TóJ	EHJ
9.04.'01 - 15.04.'01	MMM	ÁA	TóJ	EHJ	KÁ

MMM = Magnús Már Magnússon

EHJ = Esther Hlíðar Jensen

ÁA = Ásdís Auðunsdóttir

KÁ = Kristján Ágústsson

TóJ = Tómas Jóhannesson

¹Vaktafólk skiptist iðulega á vöktum svo einhverjar breytingar urðu á skipulaginu. Sjá nánar í vaktabók.

Viðauki B

Reglurnar um bakvaktir voru sem hér segir:

Ástand

Grátt: S1 á bakvakt virka daga frá klukkan 17:00 eða þegar vinnu lýkur og fram til kl 23:00.
Á föstudögum hefst bakvakt einnig eftir vinnu og stendur þar til vaktmaður mætir til vinnu á mánudagsmorgun, en eigi lengur en til kl. 09:00 þann dag.

Grænt: Allir vaktstarfsmenn á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Gult: Allir vaktstarfsmenn á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Viðauki C Samantekt snjóathuganarmanna eftir veturinn.

Siglufjörður

Veður, snjóalöð og snjóflóð veturinn 2000-2001

Örlygur Kristfinnsson

Á heildina litið var veturinn snjóléttur á láglandi en fremur snjópungur til fjalla og snjóflóð fremur tíð. Engar rýmingar.

Nóvember var mjög úrkomusamur þar sem skiptust á rigningar og slydda í eilífum norð-austanáttum. Ekki festi snjó á láglandi (eða undir 250 metra hæð) í marga daga í senn en þeim mun meiri var snjórinn til fjalla og undir lok mánaðarins féll fyrsta snjóflóð vetrarins.

Áfram hélt þessi votviðratíð þótt kominn væri **desember** og menn væntu hins milda og mjúka jólasnævar strax á jólaföstu! Undir miðjan mánuðinn kólnaði heldur og snjóföln festi á jörðu og veður mildaðist með allmiklu frosti og hélst svo fram undir áramót. Geysistórt snjóflóð féll í Skútudal snemma í desember og náði að hluta niður á auða jörð á láglandi.

Janúar að jafnaði mildur þótt snjóaði í byrjun og enda mánaðarins. Mörg snjóflóð af sama toga féllu eins og sjá mátti fyrir um áramótin. Og áfram liðu vikurnar yfirleitt með auðri jörð á láglandi en miklum snjó á fjöllum.

Góð tíð í **febrúar**.

Mars. Kólnandi, snjókoma framan af. Síðan þægilegt veður frameftir mánuðinum en alltaf frost. Harðnaði undir lokin með norðanátt og hríðarveðri og hófst þá önnur snjóflóðáhrina með umtalsverðum snjóflóðum úr flestum skálum í firðinum.

Um miðjan **apríl** var snjór í góðu meðallagi á láglandi og mikill til fjalla. Gerði þá góða tíð með stilltum og sólbjörtum dögum. Sumardaginn fyrsta, 19. apríl, kom vorið með hlýju veðri og fuglasöng í lofti!

Athugasemdir.

Taka þarf til athugunar hvort ekki þarf að koma á einhverjum tengslum milli Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar við mat á snjóflóðahættu við þjóðveginn til Siglufjarðar. Þar eru alltíð snjóflóð og sum hættuleg vegfarendum. Einnig hlýtur það að verða verkefni Vegagerðarinnar að skipuleggja hvernig standa eigi að viðvörðunum þegar talin er snjóflóðahætta á vegum. Þá þarf Almannafræðingafélag Siglufjarðar að sjá til að komið verði upp viðvörðunarskiltum við leiðigarða í Siglufirði en þar er oft að vetrarlagi umferð ökutækja og gangandi fólks. Undirritaður telur það eðlilegt að snjóeftirlitið hafi einhver afskipti af þessum málum svo sem með ábendingum eða ráðgjöf um hvað vert væri að gera í þessum efnum.

Skutulsfjörður, Önundarfjörður, Hnífsdalur og Súðavík

Veður, snjóalög og snjóflóð veturinn 2000 til 2001

Oddur Pétursson

Haustið var hlýtt og snjólétt.

Október: Snjólaust í byggð en snjór efst í fjöllum og fram til heiða.

Nóvember: Snjóléttur og hlýr.

1. nóvember var NNA stinningskaldi og snjókoma. Hitastig í byggð var -1° mældist þá 2 sm snjódýpt á íþróttavellinum á Torfnesi. Þetta var fyrsti snjórinn sem mældist á láglandi hér á þessum vetri, hélst NNA átt til 3. nóv. með slyddu í byggð en allhvass og snjókoma til fjalla. Á Flateyri var 24 mm sólarhringsúrcoma. 2. nóvember. Afaranótt 3.-4. nóvember féllu fyrstu snjóflóð vetrarins í Eyrafjalli í Önundarfirði. Í Ytra- Bæjargili flóð, sem fór niður

í hlíðarrætur, og úr Innra-Bæjargili, sem fór niður á miðjan ytri varnargarðinn og stöðvaðist þar. Stærð 2-3.

10.-11. nóvember var hvöss ANA átt með rigningu og slyddu í byggð, en snjókomu til fjalla. Féll þá smá snjóflóð í Skollahvilft, sem fór um 100m niður úr gilinu. 13. nóvember var snjódýpt 2 sm við mælistöð á Ísafirði og 110 sm við mælistöð í Breiðafelli.

13. nóvember sást að fallið höfðu smáflóð í Ytra-Bæjargili og næsta gili utan við.

Desember: Snjólétt engin stórviðri frekar kalt og þræsingasamt. 26. desember var snjódýpt í Kistufelli 220 sm og á Ísafirði 2 sm. 27. desember sást að fallið höfðu smáflóð í Innra- Bæjargili og Litlahryggsgili í Eyrarfjalli í Önundarfirði.

Janúar: Umhleyingasamt veðurfar. Snjólétt og hlýtt. Þann 12. var rok og rigning. Nokkrar skemmdir urðu á vegum og fok á lausamunum og járnplötum.

Frá 20. desember til 7. janúar var NNA átt, oft kaldi og stinningskaldi og él með skafrenningi til fjalla og hitastig -2° til 10° . Safnaðist nokkur snjór í fjallshlíðar, sem vita í SSV.

7. janúar féll flekaflóð við mynni Kaldárdals í Önundarfirði. Stærð 1-2.

8. janúar féllu smáflóð í Ytra og Innra-Bæjargili.

10. janúar hlýnaði með slyddu og rigningu.

11. janúar féllu krapaflóð víða í Önundarfirði, fóru sum niður undir hlíðarrætur. Stærð 1.

Fram til 29. janúar voru umhleyplingar, oftast SV átt. Snjólaust í byggð og lítið til fjalla, hjarn efst í fjöllum og í giljum. Snjódýpt á Kistufelli var 210 sm., í byggð 0 sm. Þann 29. gerði allhvassa NA átt og snjókomu, en lægði og hlýnaði þann 30. og runnu þá krapaspýjur úr mörgum giljum í Önundarfirði.

Febrúar: Mánuðurinn var heldur kaldari og bætti á snjó til fjalla, en snjólítið í byggð. Snjódýpt á Kistufelli þann 28. var 221 sm, í byggð var 9 sm snjódýpt. Í febrúar féllu engin snjóflóð.

Mars: Norðlægar áttir voru ríkjandi. Flest snjóflóð féllu í þessum mánuði. Þó var hann með snjóléttara móti í samanburði við fyrri ár.

3. mars gerði NA storm með mikilli snjókomu sem stóð stutt og síðan éljum og skafrenningi og -8° í byggð, sem stóð til morguns 4. mars. Þá var snjódýpt í byggð á Ísafirði 12 sm og 227 sm á Kistufelli. Sólarhrings úrkoma á Flateyri kl. 9:00 að morgni þess 3. mars mældist 16 mm. Aðfaranótt 4. mars féll snjóflóð að stærð 3 í Skollahvilft. Fór flóðið niður með eystri varnargarðinum og í lónið, sem var ísilagt og stöðvaðist 105 m frá þjóðveginum. Rúmmál tungu var um 50 þús. rúmmetrar.

Þá féllu snjóflóð um sama leyti í Hrafnagili í Seljalandshlíð að stærð 1-2. Í Stóruskriðugili á móts við bæinn í Fremri-Breiðadal, stærð 1-2. Úr Búðargili í Hnífsdal féll flóð, sem stöðvaðist á skeiðvellinum, um 50m frá Hesthúsunum. Stærð 2.

Aðfaranótt 4. mars féll snjóflóð í norðausturhlíð Botnsdals í Súgandafirði, sem stöðvaðist um 200m vestan við Botnsána. Stærð 2-3.

Frá 4. til 12. mars var NA og ANA átt, stinningskaldi/allhvass og smáél hitastig var 0° til -10° . Snjódýpt í byggð var 0 sm, en í Kistufelli 228 sm. Aðfaranótt 12. féllu snjóflóð í Kirkjubólshlíð Innri, í næsta gili sunnan við Funagil. Flóðið stövaðist 150 m frá gámasvæði Funa. Stærð flóðsins var 2-3. Einnig féll flóð í gili upp af mótum flugvallarvegar og Djúpvegar. Flóðið stöðvaðist um 15 m frá Djúpvegi. Stærð 1-2.

26 - 28. mars var allhvöss NNA með snjókomu og 4° - 7° frosti í byggð. Snjódýpt í byggð var 7 sm, í Kistufelli 257 sm. og í Breiðafelli 253 sm. Þann 27. féllu nokkur snjóflóð á veginn um Súðavíkurhlíð, sem lokaðist. Tvær litlar spýjur féllu í hlíðinni ofan við gamla þorpið í Súðavík og flóð féll úr Traðargili, sem stöðvaðist 50 m ofan við háspannúlínuna. Stærð 2. Þann 28. sást að flóð höfðu fallið víða, sum meðalstór. Í Önundarfirði féllu flóð í

Ytra og Innra-Bæjargili, í Skollahvilft, Miðhryggsgili og Litlahryggsgili. Þessi flóð voru að stærð 1-3. Flóðið í Innra-Bæjargili fór á ytri varnargarðinn efst og meðfram honum niður undir miðju garðsins. Stærð 2-3. Úr Traðargili í Hnífsdal féll flóð, sem stöðvaðist rétt ofan við girðingar. Stærð 2.

Apríl: Mesta snjódýpt til fjalla á vetrinum mældist 6. apríl. Í byrjun mánuðarins gerði smá áhlaup en annars var mánuðurinn hægviðrasamur, snjóléttur og hlýr.

31/3. til 3/4. var allhöss/hvöss NA átt með snjókomu og eljum. Hitastig var 0° til 4° í byggð. Snjódýpt á Kistufelli mældist 295 sm, í Breiðafelli 265 sm. Á báðum stöðum er það mesta snjódýpt á vetrinum. Í byggð var 7 sm snjódýpt.

1. apríl féll snjóflóð í Traðargili í Bolungarvík niður undir hús við Traðarland og Dísarland að stærð 3.

2. apríl féll snjóflóð á Selabólsurð í Önundarfirði. Fór það niður fyrir veginn, sem varð ófær. Stærð 3. Sama dag féll snjóflóð úr Funagili, sem stöðvaðist á ytri hlið varnavirkisins þar, stærð 2-3.

Veturinn í heild: Veturinn var snjóléttur, nokkur áhlaup sem stóðu stutt. Ekki kom til þess að viðbúnaðar stig væri sett á. Skíðalyftur í Tungudal voru fyrst opnaðar 24. marz og voru opnar til 17. apríl, en þá varð að loka vegna snjóleysis. Veturinn 1999-2000 voru sömu lyftur opnar frá 18. desember til 22. apríl.

Snjógryfjumælingar í mars og apríl gáfu til kynna að snjóalög væru óstöðug vegna veikra laga í snjóþekjunni og hjarnlaga sem voru víða efst í fjöllum sem undirlag.

Snjódýpt við mælistiku á Kistufelli sl. þrjú ár:

18.4.1999	mældist snjódýpt	400 sm
15.4.2000	mældist snjódýpt	295 sm
17.4.2001	mældist snjódýpt	275 sm

Hugleiðingar um snjóflóðahætta á vegum

Betri vegir og tæki til snjómoksturs hafa bætt samgöngur að vetrarlagi og hefur umferð aukist mjög í misjöfnum veðrum og gerðar eru auknar kröfur um að Vegagerðin haldi vegum lengur opnum. Hér í nágrenni hafa verið byggð á nokkrum stöðum mannviki til varnar snjóflóðum á vegum, en á mörgum hættustöðum er talið illmögulegt að koma fyrir mannvirkjum vegna erfiðra aðstæðna og kostnaðar.

Lokun vega vegna snjóflóðahættu

Fyrirbyggjandi lokanir vega hafa lítið tíðkast hér, enda eru snjóflóðaspár enn það skammt á veg komnar að hætta væri á ótímabærum lokunum vega ef það væri gert.

Dæmi um lokun

Vegurinn um Súðavíkurhlíð lokaðist, þegar snjóflóð tóku að falla á hann 26.-27. marz 2001. Leitaði Vegagerðin þá eftir mati snjóflóðadeildar Veðurstofunnar á ástandinu, og tók í samráði við snjóflóðadeild og lögreglu ákvörðun um lokun og opnun vegarins. Hafa tilvik sem þetta komið fyrir í auknum mæli.

Aukið samstarf ?

Gerðar verði „tilrauna-snjóflóðaspár“ fyrir afmörkuð hættusvæði við vegi á svipuðum grundvelli og snjóflóðadeildin notar við gerð snjóflóðspáa fyrir byggð. Spárnar verði byggðar á gagnasafni og reynslu Vegagerðarmanna og gögnum, sem aflað væri í framhaldinu með nákvæmari skráningu við vegi. Þá væri og nýtt sú reynsla og gögn sem snjóflóðadeild Veðurstofunnar hefur aflað við gerð svæðisbundinna veðurspáa og könnun á ástandi snjóalaga. Þessar spár verði gerðar í samvinnu Vegagerðarmanna og starfsmanna snjóflóðadeildar og verði notaðar til samanburðar við raunverulega framvindu mála. Nauðsynlegt er að setja upp

sjálfvirk mælitæki, svo sem sjálfvirkar veðurstöðvar nálægt umferðamestu og hættulegustu vegaköflunum t.d. á Arnarnesi fyrir Súðavíkurlíð og Kirkjubólshlíð. Þá gæti stöð á Bola-fjalli verið mjög gagnleg fyrir Bolungarvík og Óshlíð, svo tekin séu nærtæk dæmi héðan úr nágrenninu.

Bolungarvík og nágrenni

Veður, snjóalög og snjóflóð veturinn 2000 - 2001

Jóhann Hannibalsson

Otkóber: Snjólaust á láglandi en snjór til fjalla.

Nóvember: Umhleyppingasamt en lítið um stórvirði.

Desember: Aðgerðalítið veður en oft frost.

Janúar: Umhleyppingar og vindasamt.

9. Hlýnaði eftir langvarandi frostakafli.

10. Snjóflóð ofan við bæinn Geirastaði, náði rétt niður úr gílinu og dreifðist á aurhryggnum. Annað ofan við Miðdalshvamm, utan við Hrossahjalla. Þriðja flóðið kom Girðisbrekkunni sunnan við snjósleðaleið.

12. Rok og rigning, þak fauk af fjárhúsun í Minni-hlíð og skemmdir urðu á Shellskál-anum vegna foks.

13. Þá urðu nokkrar skemmdir vegna hvassviðris á vélahúsi í Minni-hlíð.

Febrúar: Aðgerðalítill veður og snjólétt.

Mars: Norðan og norðaustan áttir.

3. Snjóflóð í Óshyrnu, úr Bæjargili fór niður fyrir girðingu og olli nokkrum skemmdum á henni.

27. Snjóflóð úr gili ofan við Geirastaði, smáspýjur úr ytra og Innra Leynigili í Erninum.

Apríl:

1. Snjóflóð úr innsta gili í Hádegisfjalli, fór niður á vatn. Snjóflóð úr Traðarhyrnu, kom úr Traðargili og fór niður undir hús við Traðarland, innan við Dísarland.

6. Snjóflóð úr næst innsta gili í Hádegisfjalli, fór niður fyrir girðingu og sleit hana á kafla.

8. Snjóflóð úr Traðarhyrnu, Bollagil fór á skíðalyftu, endamastur í skíðalyftu skekktist.

Samtekt: Í heildina var veturinn snjóléttur og lítið um stórveður. Ekki kom til rýminga í vetur hvorki í íbúðarbyggð né í hesthúsabyggð.

Reykhólasveit

Veturinn 2000 til 2001

Bergsveinn G. Reynisson

Hér í Breiðafjarðardölum var veturinn í heild mjög snjóléttur og gerði varla skafla neðan 400 m hæð, en hér um slóðir eru flest upptök snjóflóða fyrir neðan þá hæð. Þó féllu um 10 snjóflóð á veginn fyrir Gilsfjörð, en þau komast ekki á blað lengur, þar sem sá vegur er ekki

notaður á veturnar nema menn vilji rifja upp gamla tíð. Þó gerði í byrjun mars leiðinda veður og féll þá snjóflóð á bíl í Haukadal, í Dalasýslu, stærð 2,5. Var athyglivert að sjá hvernig nær allar brekkur norðan megin í Haukadal, í ca 100 m hæð og náðu 30° halla, höfðu skriðið og féllu 10 til 15 snjóflóð, öll á sama tíma, stærð 2 til 4. Var á þessum tíma talsverður snjór í dalnum á annars snjólausu svæði. Ef Haukadalur hefur verið sama snjóakistan fyrir 1000 árum, hefði ég verið til í að flytja þaðan til Grænlands og jafnvel Ameríku.

Vesturbyggð og Tálknafjörður

Veturinn 2000 til 2001

Jónas Sigurðsson

Veturinn hefur verið með allra besta móti, hér höfum við séð snjó í fjarska, en ekki hefur snjó fest í okkar hlíðum og þar af leiðandi er lítið sem ekkert hægt að segja um veturinn annað en gott. Sem sagt snjór hefur ekki verið mælanlegur á okkar svæði, þeim hættusvæðum sem hér eru. Það sama má segja um Bíldudal og Tálknafjörð, þar hefur varla sést snjór. Ekki fréttist af neinum snjóflóðum í umdæminu. Vona að næsti vetur verði á svipuðum nótum. Við hér í vestasta umdæmi landsins biðjum að heilsa og þökkum ánægjulegt samstarf á síðustu árum, sérstaklega samverustundirnar (fundina) sem voru mjög ánægjulegir og skemmtilegir, við komum til með að sakna þeirra.

Ólafsfjörður

Veður og snjóalög á Ólafsfirði veturinn 2000 til 2001

Ari Eðvaldsson

Í heildina var veturinn snjóléttur á láglandi en fremur snjóþungur til fjalla ofan við 250 til 300 m hæð.

B hættuástand var sett á Ósbrekkufjall 28. marz.

Vegurinn um Lágheiði hefur sjaldan eða aldrei verið jafn mikið opinn að vetri til og síðastliðinn vetur.

September: Fyrsta snjókoma kom 18. sept. og snjóaði niður undir byggð.

Október: Í heild góð veður.

Nóvember: 1. og 2. nóvember snóaði töluvert og jafnfallið á flugvelli 30 cm. 3. nóvember slitnaði rafmagnslína yfir Dranga, snjódýpt á flugvelli var 64 cm.

Veðrið gengur niður 4. nóvember og tekur mikið upp eftir það. Fyrstu snjóflóð vetrarins falla 27. og 28. nóvember á Ytri-Árdal.

Desember: Fyrri hluta desember var votviðrasamt en kólnar um miðjan mánuð. 31. des. er jafnfallinn snjór á flugvelli 30 cm og spordýpt 16 cm, á Múlavegi við Sauðanes féll snjóflóð sama dag.

Janúar: 6. janúar er 30 cm jafnfallið á flugvelli en tekur mikið upp í byrjun mánaðarins og 13. janúar er mesti hiti á landinu, hér fyrir norðan 11°-12°C.

Febrúar: Í suðaustan roki 3. febrúar fóru 3 snjóflóð á Ytri-Árdal. Góð veður að öðru leyti í febrúar.

Mars: 1. mars er 20 cm jafnfallið á flugvelli, 3. mars þrumur og eldingar milli kl. 23:00 og 24:00. 11. mars fara 2 snjóflóð við Ytri-Árdal. 28. mars fóru mörg snjóflóð en gerðu engan skaða. Snjódýpt á flugvelli 48 cm.

Apríl: 1. apríl snjóaði mikið, bleytu hríð og stórt snjóflóð fór í Kleifarhorni í sjó fram. 3. apríl er jafnfallið á flugvelli 30 cm. Um miðjan apríl gerði stillt og bjart veður og hélst það út mánuðinn.

Mái: Fyrri hluti máí mjög góður, 14. maí gerði NV átt og snjóaði. Alhvít jörð 15. maí
Ef snögg og vond veður eru yfirvofandi hafa þeir menn, sem sjá um mokstur á Múlavegi, verið látnir vita.

Ólafsvík

Veður og snjóalög í Ólafsvík veturinn 2000 - 2001

Pétur Bogason

Í heildina litið var veturinn snjóléttur með afbrigðum. Aldrei þurfti að hafa áhyggjur af hliðunum fyrir ofan heilsugæsluna í Ólafsvík. Aðeins þurfti að moka snjó af götum sjö daga frá áramótum fram til 15. maí.

Neskaupstaður

Veður og snjóalög í Neskaupstað veturinn 2000 - 2001

Guðmundur Helgi Sigfússon

Segja má að veturinn hafi verið mjög snjóléttur og mildur í Neskaupstað. Á láglendi var lítil sem enginn snjór fyrr en í síðast í desember. Vetri er líklega best lýst með því að gengið hafi yfir nokkur samfelld hret frekar en að um samfelldan vetur hafi verið að ræða. Þannig var snjór yfir láglendi í janúar og nokkuð í mars. Tók jafnvel að miklu leyti upp á milli.

Í Norðfjarðarfjöll snjóaði fyrst í nóvembermánuði. Um var að ræða fól sem kom og fór nokkrum sinnum. Nokkuð var um rigningar á haustinu sem féll þá sem slydda og snjór til fjalla. Upp úr miðjum desember fór að safnast snjór á upptakasvæði ofan kletta á frosna jörð og hefur sá snjór haldist þar síðan. Snjóalög hafa verið stöðug á upptakasvæðum og má segja að snjódýpt sé undir meðallagi.

Engin snjóflóð eru skráð í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað, en nokkrar spýjur. Þær féllu fyrstu daga janúarmánaðar og síðan síðustu dagar marsmánaðar.

Einnig voru skráð flóð úr Bagalstindi í Norðfjarðarsveit, flóð undir Goðatindi ofan og til hliðar við efstu skíðalyftuna í Oddsskarði, og tvö lítil flóð úr Hátúni við Blóðbrekkur á veginn yfir Oddsskarð. Þegar þetta er sett á blað 6. maí er snjór farinn að minnka ofan kletta enda hitastig farið að vera milli 10° og 20°C og gróður farinn að taka vel við sér. Ofan við ca. 550 m y.s. er snjólínan enn samfelld inn fjallið nema upp úr standa steinar og klettur. Snjódýpt þar er frá ca. 40 cm og upp í 150 cm ef tekið er mið af mælingum sem, framkvæmdar voru í Drangagili og Tröllagili 4. og 5. maí.

Seyðisfjörður

Veður og snjóalög á Seyðisfirði veturinn 2000 - 2001

Emil Tómasson

Haustið var frekar úrkomusamt, miklar rigningar en dálítið snjóaði ofan 700 metrum. Eftir miðjan desember fór að kólna í veðri, lítil snjókoma hér niðri í bæ nema rétt um jólaleytið.

Um áramót kom norðanátt og sást ekki til fjalla í 8 daga. Mikil flóð féllu úr Bjólfstindi í þessari hrinu úr 950 metrum niður í 650 metra hæð. 2 flóð féllu úr Strandartindi á sama tíma.

Það sem eftir var af janúar og allur febrúar voru mjög góðir veðurfarslega nema að 1 lítið flóð féll í febrúar úr Suðurfjalli.

Í fyrri hluta mars féll 1 lítið flóð úr Bjólfi og úr Strandartindi og Miðtindi féllu snjóflóð úr miðjum skálum. Í enda mars féll snjóflóð við skíðalyftu í Stafdal. Í því flóði lentu 2 brettastrákar en slösuðust ekki. Á sama tíma féllu 2 flóð norðan megin í firðinum bæði fyrir innan og utan Selstaði.

Núna í maíbyrjun er enn mikill snjór fyrir ofan 700 metra en mjög lítill fyrir neðan.

Tvisvar sinnum í vetur voru íbúar Farfuglaheimilisins beðnir að gista utan svæðis yfir nótt til öryggis.

Til gamans má geta þess að fyrir nokkrum dögum mældust yfir 20°C hér á Seyðisfirði en í gær, 15. maí sá ekki milli húsa hér í norðanhreti og þarf að ryðja snjó af götum í dag.

Í heildina má segja að veturinn 2000 - 2001 hafi verið mjög snjóléttur hér í byggð.

Eskifjörður

Yfirlit vegna vetrarins 2000 - 2001

Hjalti Sigurðsson

Þessi vetur var ekki mjög viðburðarríkur vegna þess hvað snjóaði lítið mest allan veturinn, en þó náði að koma nógu mikið til að koma af stað minni háttar flóði úr Harðskafa en 2. apríl mældist ca. 65 cm laust lag í hlíðum Hólmgærðarfjallsins. Töluverður snjór var þó til fjalla í allan vetur. 13. apríl var mikill hiti og það sást nokkuð víða í brekkum að snjór fór af stað. Dálítið flóð féll úr Harðskafa á nánast sama stað og áður en ekki tókst að ná útlínunum með GPS tækinu. Lausleg mæling 28 apríl sýndi að var breiddin ca. 40 m, þykkt 65 cm og er hugsanlegt að flóðið hafi skriðið ca. 50 m niður á jafnsléttu. Þykktin var ca. 65 cm í miðju flóði.

Snjóstikurnar voru ekki mikið til gagns að þessu sinni. Stikur nr. 4 og 5 lögðust niður áður en vetur gekk í garð og fundust þær ekki þar sem búið var að fenna yfir þær, stika nr. 1 er á alveg glötuðum stað þar sem hún er ekki með nógu góða festingu og það er geysilegur snjór þar sem hún er, stika nr. 2 er á góðum stað nema hvað að hún fór á kaf 2. apríl og hefur ekki sést síðan, en stika nr. 3 er allan veturinn með sína 30 cm og ekki orð um það meir.

Hér á svæðinu er eins og annars staðar, að menn hafa áhyggjur af veginum um Fagradal og þá sérstaklega af flóðum, sem koma reglulega úr Grænafjallinu. Þessu verður að koma í lag áður en stórslys verður.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
30.10-6.11	TÓJ					
6.11 - 13.11	MMM	3.-4. nóv.	Flateyri	Innra Bæjargil	Oddur P.	Flóðið snerti garðinn u.þ.b. sem það var að stöðvast rétt um garðinn miðjann. Fór rétt upp í hann. Snjódypt við garðinn 6.11 var 30 - 40 cm og dypt tungu var ca. 40 cm. Flóðið var GPS mælt. Flóðið rann samsíða garðinum og stöðvaðist rétt þar sem það fór á hann.
	MMM	3.-4. nóv.	Flateyri	Ytra Bæjargil	Oddur P.	Fór rétt niður á hrygginn
	MMM	3.-4. nóv.	Flateyri	Rétt utan við Innra Bæjargil	Oddur P.	Fór niður í miðja hlíð. OP hefur aldrei vitað um flóð þarna áður.
	MMM	3.-4. nóv.	Flateyri	Miðhryggsgil	Oddur P.	Lítill spýja niður á hrygginn, ca 50m
13.11-20.11	MMM	aðfrn. 19.11	Tjörnes	Auðbjargarstaðarbrekka.	Pálmi Þorsteinsson umdæmisstjóri Vg á Húsavík. Mbl. 19.11.2000	Flóðið var 250m breytt og 1m þykkt á vegi. Vegur lokaðist. Byrjaði ofarlega í brekkunni, rann fyrst samsíða veginum og hrannaðist síðan yfir hann og hrannaðist upp. "Veðuraðstæður voru þannig að við hefðum átt að sjá þetta fyrir" PP.
	TÓJ	18.-19.	Siglufjörður	Hlíðin ofan Fífladala norðanverð	Örlygur Kristfinnson	Flóðið fór af stað undir klettum í Hafnarhyrnunni ofan Gimbrakletta, stöðvaðist að hluta ofan Fífladalabrunnar en hluti þess fór fram af brúninni og stöðvaðist ekki fyrr en niður undir veginum upp í Hvanneyrarskál.
	TÓJ	18.-19.	Siglufjörður	Jörundarskál	Örlygur Kristfinnson	
	TÓJ	18.-19.	Siglufjörður	Skollaskál	Örlygur Kristfinnson	
27.11 - 4.12	MMM	ca. 24-25.11	Seyðisfjörður	Efst í Bjólfi	Emil Tómasson	Mörg lítill flóð sem flest hver fóru niður í miðjar hlíðar ofan stallsins.
	ÁA	27.nóv	Ólafsfjörður	Bæjargil	Ari Eðvaldsson	Töluvert mikið flóð um mitt fjall og dreifir mjög mikið úr sér neðan gils. Flóðið varð vegna þýðu, rigningar/slyddu.
	ÁA	28.nóv	Ólafsfjörður		Ari Eðvaldsson	Tvö flóð sitt hvoru megin við gilið (sjá að ofan). Einnig fleiri spýjur inn dalinn.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	TÓJ	8.-9.12	Siglufjörður	Skútudalur	Örlygur Kristfinnson	Menn urðu varir við flóðið 9.12. og það féll líklega daginn áður. Það átti upptök upp undir klettum sunnan Skollaskálar og féll niður á jafnsléttu í Skútudal. Flóðið var allstórt og vott. Það kvíslaðist í nokkrar tungur eftir að það féll fram af brún í miðri fjallshlíðinni.
	MMM	30-31/12	Siglufjörður	Fífladalagil	Örlygur Kristfinnson	Spýja
	MMM	31.12.2000	Ólafsfjarðarvegur	v/Sauðanes milli Ólafsfj. og Dalvíkur	Ari Eðvaldsson	Aðfaranótt 31.12 féll snjóflóð á Ólafsfjarðarveg við bæinn Sauðanes og lokaðist vegurinn. Heimild RÚV og Bylgjan. Ari: 25m breitt á vegi og 110 sm þykkt. Ari skilur ekki hvaðan snjórinn kom
	ÁA	2.1.	Reyðarfjörður	Fagridalur.	Morgunblaðið	Snjóflóð féll á veginn undir Grænafellu í Fagradal. Flóðið var 2-3 m djúpt og 40-50 m breitt.
4.12-11.12.	ÁA	7.-8.1	Siglufjörður	Strengsgil	Örlygur Kristfinnson	Spýja sem fór eftir jaðri gilsins og aðeins niður með leiðigarðinum (Stóra-Bola).
	ÁA	7.-8.1	Siglufjörður	Jörundarskál	Örlygur Kristfinnson	Spýja sem stöðvaðist við efri hluta Litla-Bola.
	ÁA	7.-8.1	Siglufjörður	Skarðsdalur	Örlygur Kristfinnson	Óljósar fréttir sem Ö.K. hafði eftir starfsmanni skíðasvæðis.
11.12-19.12	TÓJ	10.jan	Bolungarvík	Suðurdalur	Jóhann Hannibalsson	Allmörg snjóflóð féllu aðfaranótt 10.1. í nágrenni Hanhóls, m.a. úr hlíðinni ofan Reiðhjallavirkjunar. Upptök flestra þeirra voru í miðjum hlíðum og flóðin stöðvuðust í brekkufætinum. Flóðin renna á veiku lagi um 30 cm undir yfirborði en ná sum að rífa sig niður í annað veikt lag á um 120 cm dýpi.
	TÓJ	10.jan	Ísafjörður	víða til fjalla	Oddur P.	Allmargar spýjur féllu aðfaranótt 10.1. eins og í Bolungarvík.
	TÓJ	10.jan	utan Dalvíkur	við bæinn Svæði	Ari Eðvaldsson	Flóð féll úr Bæjarfjalli ofan bæjarins Svæðis og náði niður að háspennulínu. Flóðið var ekki mjög stór. Það átti upptök upp efst í fjallinu og var 20-25 m breitt neðst. Það var á sama stað og flóð sem Ari gerði skýrslu um í fyrra.
	MMM	aðfrn. 28.01	Flateyri	Skollahvilft	Oddur P.	Smáspýja niður á hrygginn, ca. 100 m niður úr gilinu
	MMM	27.jan	Siglufjörður	Skollaskál	Örlygur Kristfinnson	Fór niður Rjómalæk og í átt að gömlu verksmiðjunni.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	TÓJ	aðfn. 16.02	Ísafjörður/Bolungarvík/Súðavík	Óshlíð og Súðavíkurhlíð	Gísli Eiríksson	Allmargar litlar spýjur féllu úr giljum ofan Óshlíðar og Súðavíkurhlíðar, víða annars staðar féllu einnig smáspýjur úr hlíðum. Um kl. 12:00 féll flóð úr gili 22 á veginn undir Súðarvíkurhlíð.
	EHJ	aðfaranótt 4. mars	Óshlíð		DV	Lítið snjóflóða féll á veginn um Óshlíð og festi leigubíll sig í því kl 01:30 og þurfti að aðstoða hann.
	EHJ	4.mar	Flateyri	Skollahvilt	Oddur P.	Smáspýja, á efir að mæla GPS mælt, fór niður í lónið
	EHJ	4.mar	Ísafjörður	Hrafnagil	Oddur P.	Fór niður á hrygginn. Smáspýja
	EHJ	4.mar	Blönduós		Kristján Þorbjörnsson varðstjóri	Flóð féll úr malarhjalla ofan við bæinn. Drengur lenti í flóðinu en var grafinn út. Heimildir DV og RÚV.
	EHJ	aðfaranótt 4.marz	Hnífdalur	Búðargil	Oddur P.	Snjóflóð, kóf að hluta fyrir ofan hesthúsin. Tók girðingu á um 100 m kafla. óvíst um dags, en líkl. aðf.nótt 4 marz. GPS mælt.
	EHJ	5.mar	Mjóifjörður	Brekudalur	Gyða, Almannaavarnir Ríkisins	Við bæinn Kastala, fór til hliðar við bæinn, kl. 8:30 og út í sjó. Síðast féll flóð við þennan stað í 23. maí 1979. Sigfús Vilhjálmsson hreppsstjóri tilkynnti almannaörnunum. Hluti fór upp úr gilinu í miðri brekku og hélt áfram. Flóðið tók með sér dráttavél og bar hana 60-70 m. Einnig er líklegt að flóðið hafi skemmt girðingar.
	MMM	7.1.2001	Haukadal, Dalasýslu	Innan við Stóra Vatnshorn.	Rúv, visir.is mbl.is	Jeppabifreið með 6 manna fjölskyldu varð fyrir snjóflóði klukkan 18:00. Tveir meiddust lítilllega, Bifreiðin fór nokkrar veltur með flóðinu og stöðvaðist á ísi lagðri Haukadalsá. Alfa horn um 23°. Bergsveinn fór á staðinn 11.3. og sagði að 14. flóð hefðu fallið eftir allri hlíðinni, það breiðast um 400 m breitt. Alfa horn á bilinu 25°- 28°. Runnu á skilum í snjóþekjunni. Bergsveinn tók GPS punkta víðs vegar. 6.4.'01 Flóðið kom úr Tæpukletti fyrir framan bæinn Núp.
	MMM	12.3.2001	Ísafirði	Innri Kirkjubólshlíð, ofan við gámastæðuna hjá Funa	Oddur P.	GPS mælt. Stefndi á gámastöðina.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	SHH	7.1.2001	Norðfjörður	í Bagalstindi	Hálfðan Haraldsson, Kikjumel, Neskaupstað	HH sendi tölvupóst 2.2.2001 til SHH um snjóflóð. Kl. 21 um kvöldið heyrðust miklar drunur í fjallinu, en það heyrði Björn Reynir Jónsson, Skorrasað 1. sem var staddur úti á hlaði. Daginn eftir sást að stór snjófleki hafði losnað í um 950 m hæð (Bagalstindur 1080 m hár), brúna á milli, um 1.5 km langur (breiður?) og hafði flóðið fossað niður tindinn. Mesta þykkt brotlínu u2-3 m (giskað á). Fór flóðið sums staðar niður í 150 m hæð.
	SHH	7.1.2001	Norðfjörður	Úr Hofsgjá	Hálfðan Haraldsson, Kikjumel, Neskaupstað	Aðeins gvö önnur flóð sáust í fjallinu, sjá Bagalstind.
	SHH	7.1.2001	Norðfjörður	Ofan við Naustahvamm í Neskaupstað	Hálfðan Haraldsson, Kikjumel, Neskaupstað	Aðeins gvö önnur flóð sáust í fjallinu, sjá Bagalstind.
	SHH	22.2.2001	Akureyri	Hlíðarfjall	Árni Jónsson, Orion	Kort með upplýsingum frá ÁJ
	SHH	4.3.2002	Eyjafjörður	Öxnadalur	Árni Jónsson, Orion	Kort með upplýsingum frá ÁJ
	SHH	7.3.2001	Dalir	Haukadalur	Árni Jónsson, Orion	Kort og útprentaðar myndir af flóði sem tók jeppa og 5 manna fjölskyldu. Upplýsingar um flóðið á korti og myndum.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	MMM	24.3.2001	Akureyri	Hlíðarfjall	Ólafur Ragnar Helgason	Við vorum að renna okkur alveg uppá blábrún í sunnanverðri skálinni sem skíðasvæðið liggur fyrir neðan og ætluðum að fara að skíða niður eitt af giljunum sem eru þarna í skálinni sunnanverðri. Þetta var alveg dæmigert flekaflóð sem fór þarna undan okkur. Það sem að gerðist var að það var vindpakkaður snjór þarna alveg uppá brúninni sem fór af stað niður breiðasta gilið þarna. Breiddin á flekanum sem fór af stað var sem nemur breiddinni á giliinu (sennilega ca 100 m) og brotsárið var ca 50 cm hátt. C.a. 3 vikum áður hafði greinilega fallið stærra flóð í þessu sama gili en ég held að það hafi gerst í eða rétt eftir töluverða snjókomu. Það flóð fór af stað ca 50m neðar og brotsárið sést ennþá. Við skoðuðum aðeins lagskiptinguna í snjónum eftir flóðið og það var örþunnt hart lag sem þetta rann ofaná. Svo þunnt, að ég er ekki viss um að maður hefði áttað sig á því að það væri hætta fyrir hendi þó við hefðum gert prófíl.
	MMM	26.3.2001	Siglufjarðarvegur	Mánarskriður	ÖK	Flóðið lenti á bíl. Farþeginn fór í slysavarnarskýli og var sóttur þangað.
	MMM	26.3.2001	Siglufjarðarvegur	Siglufj. megin við göngin	ÖK	Þegar farið var til að sækja farðega bílsins sem lenti í flóðinu í Mánarskriðum komu nokkur flóð í ljós, sem fallið höfðu á veginn.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	MMM	26.- 27.3.2001	Siglufjarðarvegur		ÖK	Á mánudaginn 26. mars féllu tvö minniháttar snjóflóð á Strandarveg, á Hvanneyrarströnd, Siglufirði, á leiðinni út að jarðgöngum. Eitt lítið snjóflóð féll á veginn í Mánárskriðum um svipað leyti seinnipartinn þennan dag. Óljósar fregnir eru af því að bíll (bílstj. Viðar Pétursson á Hraunum í Fljótum) hafi lent í fjóðinu og snúist eitthvað og stöðvast síðan - þá hafi annar bíll komið að og ekið aftan á þann fyrri. Stúlka sem sótt var síðar um kvöldið í neyðarskýli SVFÍ hafði fest bíl sinn í skafli á hálfófærum veginum. Miðvikudaginn 28. 3. féllu enn 2 lítil snjóflóð snemma morguns á Strandarveg Siglufirði, úr giljum eins og fyrri daginn og stöðvuðust á veginum. Þriðja snjóflóðið þennan dag féll um hádegisbil (er haldið) á Dölum skammt sunnan við Dalabæ, skammt utan við beygjuna að Mánárskriðum. Það var heilmikið flóð, um 100m breitt á veginum og um 70 sm djúpt. Það náði um 80 m niður fyrir veg. Áætlun: um 4000 rúmmetrar.
	MMM	27.3.2001	Súðavíkurhlíð	Djúpagil	OP og mbl.is	Meðalstórt, vegurinn er lokaður. féll kl. 10:25
	MMM	27.3.2001	Súðavíkurhlíð	mið hlíðin	mbl.is	tvö flóð klukkan 6:00 og 7:30, vegurinn lokaðist
	MMM	27.3.2001	Súðavíkurhlíð	gil nr. 8	Geir, Vegag. Ísaf.	4m breitt, 2m þykkt
	MMM	27.3.2001	Vattarnesskriður	Í miðri Staðarskriðu	Vegag. Reyðarfirði	Kl. 11:00 til 12:00. Lengd 150-200, breidd á vegi 15m, upptök 300mys í klettum. Fleiri spýjur voru þarna, niðurunDIR og á veg.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráningaraðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	MMM	27.- 28.3.2001	Súðavíkurhlíð		OP og Geir Vegag. Ísaf.	<p>Í allt voru um 11 flóð á þessum tveim dögum. Eftirfarandi flóð/spýjur voru talin eftir mokstur kl. 16 þann 28.mars.</p> <p>Gil 4 Spýja, smá sletta á annari akgrein Gil 5 dýpt 0,8 m breidd 20 m Lokaði vegi Gil 6 dýpt 1,0 m breidd 12 m Lokaði vegi Gil 6 dýpt 0,5 m breidd 4 m Aðeins innar, spýja á aðra akrein Gil 7 dýpt 1,8 m breidd 24 m Lokaði vegi, fast innan Skjólhamars</p> <p>Gil 8, 9 og 10 Smá spýjur í eða við snjóflóðaskápa</p> <p>Gil 15 dýpt 0,3 breidd 5 m Á annari akrein Gil 18 Svipað og í gili 15 Gil 21 dýpt 1,8 breidd 15 m Lokaði vegi, Fjargil, 0,5 m dýpt með heildarbreidd 70 m.</p> <p>Eftirfarandi flóð féllu 27. mars og voru mokað þá:</p> <p>Gil 19 dýpt 1,2 breidd 22 m Lokaði vegi 27. mars, mokað þá Gil 22 dýpt 1,5 breidd 25 m Dúpagil, lokaði vegi 27. mars. mokað þá</p> <p>Alls hafa því komið 11 spýjur og flóð þann 28. mars, þar af 4 flóð sem lokuðu vegi.</p>
	MMM	27.- 28.3.2001	Súðavík	Traðargil	OP og Frost	Stöðvaðist ca. 50m ofan við háspennulínu
	MMM	27. - 28.3.2001	Bolungarvík	Leynigil, innan við hesthúsin	Jóhann Hannibalsson	Hugsanlega annað, athugar betur.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	MMM	28.3.2001	Ólafsfjarðarvegur	Rétt sunnan við göngin	Ari Eðvaldsson, Valdimar Steingríms. Vegag. Akureyri	Óljósar fréttir, 10m breitt, nokkuð þykkt. Féll um hádegi. Nánari fréttir, féll í Klifi, mjótt og fór í sjó fram. mjótt
	MMM	27.- 28.3.2001	Flateyri	Skollahvilft	OP	30m frá garði, mun minna en flóðið frá því 4. marz
	MMM	27.- 28.3.2001	Flateyri	Innra Bæjargil	OP	Fór á hornið á garðinum, 2m upp á hann á 30m kafla, sveigði, nær niður undir beygjuna á garðinum
	MMM	27.- 28.3.2001	Flateyri	Miðhryggsgil	OP	Fór niður fyrir túngirðingar, stöðvaðist um 100m frá vegi
	MMM	27.- 28.3.2001	Flateyri	Litlahryggsgil	OP	
	MMM	27.- 28.3.2001	Flateyri	Ytra Bæjargil	OP	
	MMM	28.3.2001	Ísafjörður	Ytri Kirkjubólshlíð	OP	Þrjú flóð sem féllu um daginn.
	MMM	27.- 28.3.2001	Ólafsfirði	út um allt	Ari Eðvaldsson	Spýjur út um allt.
	MMM	27.- 28.3.2001	Hnífdalur	Traðargil	OP	Fór niður á miðjan hrygginn
	MMM	29.3.2001	Seyðisfjörður	Skíðasvæði	Emil Tómasson	400m breitt flóð 200m langt, brotstál 2.3-2.4m mest, tveir skíðamenn komu flóðinu af stað og fóru með því niður en sluppu ómeiddir. Flóðið féll um 18:00.
	MMM	30.3.2001	Bolungarvík	v/Geirastaði	Jóhann Hannibalsson	Lítið JH ætlar að GPS mæla
	MMM	30.3.2001	Siglufjörður	Austurfjöllum	Örlygur Kristfinnson	
	TóJ	31.3.2001	Neskaupstaður	Oddskað	Guðm.Helgi	Flóð féll á veginn upp í göngin Norðfjarðarmegin. Það var um 100m breitt á veginum og upp í 3m djúpt þar það var þykkast og um 80m langt. Það féll 11:30. Flóðið tók nærri með sér bíl með fjögurra manna fjölskyldu.
	TóJ	31.3.2001	Neskaupstaður	Sniðgil	Guðm.Helgi	Guðm. sendi ljósmyndir af þessu flóði án frekari útsk.
	MMM	Marz 2001	Árneshreppur	Kjörgshlíð	Mbl. 17:3.2001	Þegar verið var að opna veginn komu í ljós nokkur snjóflóð.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráningaraðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	TÓJ	1.4.2001	Neskaupstaður	Blóðbrekkubeygja	Vegag. Reyðarfirði	70-80m langt, 60-70m breitt, féll um nóttina 01-06.
	TÓJ	1.4.2001	Siglufjörður	Selgil norðan Strákaganga	Örlygur Kristfinnson	30m breitt og 3m djúpt á vegi
	TÓJ	1.4.2001	Siglufjörður	Hlíðin ofan bæjarins ofan staðarins þar sem áður stóðu fjárhús sunnan Fífladalagils	Örlygur Kristfinnson	Mjög þunnt og ógreinilegt. Ekki sást annað en nokkrir kögglar á yfirborði neðarlega í hlíðinni. Óljóst hvað flóðið var stórt en það verður athugað nánar.
	TÓJ	1.4.2001	Bolungarvík	Suðurdalur gegnt Geirastöðum	Jóhann Hannibalsson	Flóðið náði niður á ísi lagt stöðuvatn. Jaðarinn rétt náði niður fyrir vatnsbakkann. Það var e.t.v. 200m breitt.
	TÓJ	1.4.2001	Bolungarvík	Suðurdalur gegnt Hanhóli	Jóhann Hannibalsson	Ur Núpsskál gegnt Hanhóli, lítið flóð, mun minna en flóðið gegnt Geirastöðum.
	TÓJ	1-2.4.2001	Bolungarvík	Traðargil	Jóhann Hannibalsson	Flóðið féll niður á hrygginn neðan Traðargils og tók stefnu inn fyrir innstu hús við Dísarland. Það náði niður að eða niður fyrir efstu hús við Dísarland en var innan þeirra. Flóðið féll líklega 1.4.
	TÓJ	1.4.2001	Ólafsfjörður	Kleyfarhorn, gil 1	Ari Eðvaldsson	Upptök í um 350m y.s. yfir veg og út í sjó, um 2m þykkt í flæðarmálinu.
	TÓJ	1.4.2001	Önundarfjörður	Selabólsturð	Vegag. Ísafirði	Flóð féll yfir veginn.
	TÓJ	1.4.2001	Siglufjörður	Hafnarhryna ofan og norðan Fífladala	Örlygur Kristfinnson	Um 30m breitt og e.t.v. um 70m langt, upptök á svipuðum stað og flóðið í nóv 2000.
	EHJ	1.4.2001	Eskifjörður	Oddskað	Hjalti Sigurðsson	Um 100m breytt flóð féll á skíðasvæðið við lyftuna.
	EHJ	3.4.2001	Siglufjörður	Jörundarskál	Örlygur Kristfinnson	Fór á garðinn en mjög lítið upp á hann. Flóðið tók skúr með salernum sem gleymst hafði að fjarlægja af tjaldstæðinu. GPS mælt
	MMM	1.4.2001	Siglufjörður	Strengsgil	Örlygur Kristfinnson	Lítið flóð. GPS mælt
	MMM	3.4.2001	Siglufjörður	Skjaldargili	Örlygur Kristfinnson	Allstórt flóð. GPS mælt
	EHJ	5.4.2001	Bolungarvík	Hádegisfjall	Jóhann Hannibalsson	Flóð féll úr Hádegisfjalli á svipuðum stað og síðast úr næsta gili, nær sjónum. Jóhann athugar þetta betur.
	EHJ	6.4.2001	Bolungarvík	Seljadalur	Jóhann Hannibalsson	Lítið flóð alveg nýtt í morgun, ekkert snjóað yfir það. N-átt og snjókomavar í gær.

Snjóflóð - yfirlit veturinn 2000-2001						
Vika	Skráninga raðili	Dags.	Staður	Farvegur	Heimildarmaður	Skýringar
	MMM	8.4.2001	Bolungarvík	Bollagil	Jóhann Hannibalsson	Frékar lítið, féll á efstu staurasamstæðu í skíðalyftunni
	MMM	7.4.2001	Fagridalur	Græna fjall	Vegag. Reyðarfirði	Féll ca. 12:00-12:30, 2-300m langt, 40 m breitt. Stöðvaðist á veginum. "Týpískt" við þessar aðstæður. Krapahlaup
	MMM	13.4.2001	Siglufjörður	Skútudalur, Hólshyrna	Örlygur Kristfinnson	Á móts við hitaveitumannvirkin, ca. 150 - 200m á breidd. Þurr, rann á hjarni
	MMM	13.4.2001	Kambanesskriður		Guðmundur, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar, Reyðarfirði	20 - 30 m breitt og 1 m á þykkt. Vegur loka'ist. Ekki vitað um aðra hreyfingu í umdæminu.
	MMM	14.4.2001	Bláfjöll	100 m sunnan við lyftu í Suðurgili	Björn Sævar, eftir samtali við Óla Björn Hannesson	Krapaflóð, 20 - 40 m breitt. Fór yfir göngubrautina.
	MMM	17.4.2001	Eskifjörður	Harðskafi	Hjalti Sigurðsson	Lítið flóð á sama stað og fyrir tveimur árum. Dags. ekki alveg á hreinu.